

66. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar miðvikudaginn 25. mars 2009, kl. 17:00.

Formaður bæjarráðs, Valdimar Guðmannsson setti fundinn. Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Bréf frá Tækifæri fjárfestingarsjóði dags. 18. mars 2009
 2. Bréf frá Knattspyrnusambandi Íslands ódags.
 3. Bréf frá Húsafriðunarnefnd dags. 10. mars 2009
 4. Bréf frá Samtökum forstöðumanna sundstaða á Íslandi dags. 13. mars 2009
 5. Bréf frá Ungmennafélagi Íslands dags. 13. mars 2009
 6. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 6. mars 2009
 7. Bréf frá sveitarfélaginu Skagafirði dags. 27. febrúar 2009
 8. Erindi frá Blöndu ehf. dags. 6. mars 2009
 9. Erindi frá Búrfjöllum ehf. dags. 5. mars 2009
 10. Erindi frá Kráki ehf. dags. 5. mars 2009
 11. Erindi frá Kráki ehf. dags. 5. mars 2009
 12. Framkvæmdir Blönduóssbæjar
 13. Liður 2 í fundargerð fræðslunefndar frá 26. febrúar 2009
 14. Trúnaðarmál
 15. Önnur mál
-

Afgreiðslur:

1. **Bréf frá Tækifæri fjárfestingarsjóði dags. 18. mars 2009**
Aðalfundur Tækifæris hf. verður haldinn fimmtudaginn 2. apríl n.k. að Strandgötu 3, Akureyri og hefst kl. 14:00.

Lagt fram til kynningar.
2. **Bréf frá Knattspyrnusambandi Íslands ódags.**
Alþingi samþykkti nýverið lög um breytingu á lögum um virðisaukaskatt sem hafa það í för með sér að á tímabilinu 1. mars 2009 til 1. janúar 2011 skal endurgreiða byggjendum húseigna í eigu sveitarfélaga 100% virðisaukaskatt sem þeir hafa greitt af vinnu manna á byggingastað. KSÍ vekur athygli sveitarfélaga á lagabreytingunni.

Lagt fram til kynningar.
3. **Bréf frá Húsafriðunarnefnd dags. 10. mars 2009**
Húsafriðunarnefnd hefur samþykkt að veita styrk að upphæð 1.000.000 til bæja-og húsakönnunar á Blönduósi.

Lagt fram til kynningar.
4. **Bréf frá Samtökum forstöðumanna sundstaða á Íslandi dags. 13. mars 2009**
Lagt fram til kynningar

5. Bréf frá Ungmennafélagi Íslands dags. 13. mars 2009

Á stjórnarfundum Ungmennafélags Íslands sem haldinn var helgina 6.-7. febrúar sl. var ákveðið að auglýsa eftir umsóknum frá sambandsaðilum um að taka að sér undirbúning og framkvæmd 14. Unglingalandsmóts UMFÍ sem haldið verður um verslunarmannahelgina 2011.

Erindinu vísað til æskulýðs- og tómsbundanefnd.

6. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 6. mars 2009

Sambandið hvetur sveitarstjórnarfólk til þess að kynna sér innihald skýrslunnar frá forvarnardeginum 2008.

Lagt fram til kynningar.

7. Bréf frá sveitarfélaginu Skagafirði dags. 27. febrúar 2009

Bréfið er sent þeim aðilum sem ætlað er að hafa samráð við um gerð aðalskipulagsins og með bréfi þessu er verið að kynna stöðu mála í aðalskipulagsgerð Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

Lagt fram til kynningar og tæknideild falið að kynna sér málið.

8. Erindi frá Blöndu ehf. dags. 6. mars 2009

Skorað er á bæjaryfirvöld að endurskoða ákvörðun sína að loka Sundlaug Blönduósbæjar frá og með 1. maí n.k.

Bæjarráð vísar til fjárhagsáætlunargerðar fyrir árið 2009 og hafnar því erindinu.

9. Erindi frá Búrfjöllum ehf. dags. 5. mars 2009

Óskað er eftir því að vatnsskattur sem lagður er á fyrirtækið fyrir árið 2009 verði endurskoðaður

Álagning vatnsgjalds er samkvæmt álögðum gjöldum Blönduósbæjar. Bæjarráð hafnar því erindinu.

10. Erindi frá Kráki ehf. dags. 5. mars 2009

Óskað er eftir því að vatnsskattur sem lagður er á fyrirtækið fyrir árið 2009 verði endurskoðaður og fellt niður að fullu.

Álagning vatnsgjalds er samkvæmt álögðum gjöldum Blönduósbæjar. Bæjarráð hafnar því erindinu.

11. Erindi frá Kráki ehf. dags. 5. mars 2009

Óskað er eftir því að fella niður opinber gjöld vegna Smárabrautar 12 fyrir árið 2009.

Þau gjöld sem lögð eru á fasteignina Smárabraut 12 eru samkvæmt gjaldskrá Blönduósbæjar. Bæjarráð hafnar því erindinu.

12. Framkvæmdir Blönduósbæjar

Miklar umræður urðu um framkvæmdir Blönduósbæjar.

Ágúst Þór Bragason mætti á fundinn og gerði grein fyrir einstökum framkvæmdum.

13. Liður 2 í fundargerð fræðslunefndar frá 26. febrúar 2009

Miklar umræður urðu um sumaropnunartíma leikskólans á Blönduósi. Bæjarráð samþykkir afgreiðslu liðar 2 í fundargerð fræðslunefndar frá 26. febrúar sl.

14. Trúnaðarmál

Fært í trúnaðarbók.

15. Önnur mál

a) Kaup á búnaði vegna sundlaugarframkvæmdar

Bæjarráð felur tæknideild að vinna frekar að málinu.

b) Bókun

„Ég undirritaður óska hér með eftir því að vera á venjulegum launum bæjarfulltrúa á meðan ég sit sem formaður bæjarráðs – fái ekki greitt sérstaklega fyrir formennsku í ráðinu.

Ég tek þessa ákvörðun í ljósi þess að undanfarna mánuði hafa mörg fyrirtæki og stofnanir ásamt sveitarfélögum þurft að grípa til aðhalds og niðurskurðar, meðal annars með lækkun launa starfsfólks.“

Valdimar Guðmannsson

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið 19:10

*Valdimar Guðmannsson (sign.)
Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson(sign.)
Kári Kárason(sign.)*

Arnar Þór Sævarsson(sign.)